

Alþingi
Erindi nr. P 130/2222
komudagur 28.4.2004

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 28. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 856. mál, sameining sveitarfélaga, nefndir, ábyrgðir o.fl. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings mælir með samþykkt frumvarpsins. Stjórnin vill taka fram að hún telur ákvæði 6. og 7. greina frumvarpsins mjög til bóta, þar sem kveðið er á um rýmkun á heimild sveitarstjórna til að ákveða sameiningu sveitarfélaga ef meiri hluti íbúa í þremur fimmtu hlutum sveitarfélaga sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu lýsa sig fylgjandi. Einnig lýsir stjórnin yfir ánægju með ákvæði í c-lið (bráðabirgðaákvæði) 7. greinar um endurtekna atkvæðagreiðslu í þeim sveitarfélögum þar sem tillaga um sameiningu er felld.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Ákvæði frv.	Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998
<p>1. gr. Við 3. mgr. 39. gr. laganna bætist: <u>en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.</u></p>	<p>3. mgr. 39. gr. Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða vernlega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, endasé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.</p>
<p>2. gr. 4. mgr. 40. gr. laganna orðast svo: Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. <u>Sveitarstjórn getur ákveðið að vikja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.</u></p>	<p>42. gr. Kjörgengi starfsmanna. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.</p>
<p>3. gr. 42. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirögn: <i>Lausn frá nefndasetu og endurskipun.</i> Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags, <u>sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn</u>, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu. <u>Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið á sama hátt og skv. 34. gr.</u> Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, <u>ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður brýtur gegn þagnarskyldu eða hann mætir ekki á fundi nefndar. Enn fremur getur sveitarstjórn ákveðið að endurskipa nefnd, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu, og fer þá um kjör hennar skv. 2. mgr. 40. gr.</u> <u>Ef aðeins á að skipta um hluta nefndar skal sá framboðslisti sem tilnefndi nefndarmann einnig skipa eftirmann hans nema sveitarstjórn hafi verið sjálfkjörin eða kjörin óbundinni kosningu, en þá skal beita hlutfallskosningu. Ef tveir eða fleiri stjórnsmálaflokkar eða samtök áttu samstarf um nefndarkosningar skal þó það framboð sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd tilnefna eftirmann hans sé eigi kveðið á um annað í yfirlýsingu, sbr. 24. gr.</u></p>	<p>4. mgr. 40. gr. Sveitarstjórn er heimilt að skipta um fulltrúa í nefndum hvenær sem er á kjörtímabili nefndar, svo sem þegar nefndarmenn njóta ekki lengur trausts meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Enn fremur er fulltrúum í nefndum heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu.</p> <p>2. mgr. 43. gr. Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar skal þó sá aðili, sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd, einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðrvísi ákveðið í yfirlýsingu, sbr. 24. gr.</p>

Samanburður á frv. til br. á sveitarstjórnarlögum og gildandi lögum

<p>4. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna: a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: <u>Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.</u> b. 2. mgr. orðast svo: <u>Um skipan einstakra varamanna í nefndir, ráð eða stjórnir sveitarfélags fer skv. 3. mgr. 42. gr.</u></p>	<p>43. gr. Varamenn. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, flyst burt eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans, sbr. fyrri málslíð, nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.</p>
<p>5. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna: a. 6. mgr. orðast svo: <u>Sveitarstjórn er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sem falla undir b-lið 60. gr. Einnig getur sveitarstjórn veitt einfalda ábyrgð vegna lánveitinga til framkvæmda á vegum félaga sem sveitarfélagið á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila til að veita lögákveðna þjónustu en innbyrðis skal ábyrgð eigenda skiptast í hlutfalli við eignarhluti. Skilyrði fyrir ábyrgðarveitingu er að viðkomandi lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila og að allir eigendur ábyrgist lánið í samræmi við eignarhluta sinn. Ábyrgðin fellur úr gildi ef lögaðilinn færir að einhverju leyti í eigu einkaaðila.</u> b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Prókúruhafa sveitarsjóðs er heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.</p>	<p>6. mgr. 73. gr. Eigi má binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Prókúruhafa sveitarsjóðs er þó heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.</p>
<p>6. gr. 2. mgr. 91. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórnnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa er heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga þótt tillaga samstarfsnefndar hljóti ekki samþykki íbúa allra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Skilyrði er að tillaga hafi verið samþykkt í a.m.k. <u>3/5</u> sveitarfélaganna og að í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. <u>3/5</u> íbúa á svæðinu.</p>	<p>2. mgr. 91. gr. Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 90. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. 2/3 þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. 2/3 íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.</p>
<p>7. gr. Við lögina bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo: a. (I)</p>	<p>Sambærilegt ákvæði ekki í gildi. Um sameiningu sveitarfélaga gilda ákvæði IX. kafla laganna.</p>

Í tengslum við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins skal sameiningarnefnd, sem félagsmálaráðherra skipar, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga.

Við gerð tillagna sinna skal nefndin hafa hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum og sjónarmiðum hlutaðeigandi sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði. Nefndin skal kynna sveitarstjórnnum og samtökum þeirra tillögur sínar og veita þeim hæfilegan frest til að gera athugasemdir við tillögurnar. Einnig skal gefa almenningi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.

Þegar frestur til að skila athugasemdum við sameiningartillögur er liðinn skal sameiningarnefnd fara yfir athugasemdir. Að því loknu skal nefndin ákveða hvort hún gerir breytingar á tillögu, dregur hana til baka eða leggur hana fram óbreytta. Endanlegar tillögur nefndarinnar skal auglýsa í dagblöðum og á annan þann hátt sem nefndin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða samtök þeirra.

Þær sveitarstjórnir sem sameiningartillaga varðar skulu hver tilnefna tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem annast undirbúning atkvæðagreiðslu um tillöguna og gerð kynningarefnis um áhrif hugsanlegrar sameiningar. Sameiningarnefnd og félagsmálaráðuneytið skulu veita samstarfsnefndinni nauðsynlega ráðgjöf um meðferð tillagnanna.

b. (II.)

Atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar skal fara fram 23. apríl 2005 í öllum sveitarfélögum sem tillaga varðar.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu, kosningarrétt og gerð kjörskrár gilda ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Yfirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi annast framkvæmd atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða en samstarfsnefnd hefur eftirlit með talningu og tilkynnir úrslit atkvæðagreiðslu.

Ekki er heimilt að hefja talningu atkvæða fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað í þeim sveitarfélögum sem taka þátt í

atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

c. (III.)

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum samkvæmt tillögu sameiningarnefndar nema fleiri íbúar þess lýsi sig fylgjandi tillögunni í atkvæðagreiðslu en andvígir.

Sameining sveitarfélaga telst samþykkt ef sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa í öllum sveitarfélögum sem tillagan varðar, sbr. 1. mgr., og tekur gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

Ef tillaga sameiningarnefndar hlýtur ekki samþykki íbúa í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en meiri hluti þeirra sem afstöðu taka í atkvæðagreiðslu lýsir sig þó fylgjandi sameiningu, skal greiða atkvæði að nýju innan sex vikna í sveitarfélögum þar sem tillaga var felld. Skilyrði er að tillagan hafi verið samþykkt í a.m.k. tveimur sveitarfélögum. Skal þá sama kjörskrá gilda og við fyrri atkvæðagreiðslu.

Að lokinni atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. er sveitarstjórnnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga var samþykkt heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga. Þetta verður þó ekki gert nema tillaga hafi verið samþykkt í a.m.k. 3/5 sveitarfélaganna og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. 3/5 íbúa á svæðinu.

Sameining sveitarfélaga samkvæmt þessari grein skal taka gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

d. (IV.)

Sameiningarnefnd getur ákveðið að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla um þá tillögu skal fara fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006 og skal gera nýja kjörskrá fyrir þá atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu og úrslit samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II og III.

Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, með síðari breytingum, 856. mál.

Efni frumvarpsins er tvíþætt. Annars vegar hefur það að geyma ákvæði er lúta að atkvæðagreiðslum um sameiningar sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við þann hluta frumvarpsins. Hins vegar hefur frumvarpið að geyma ákvæði sem ætlað er að sníða vissa vankanta af gildandi sveitarstjórnarlögum. Það er að þeim þætti sem eftirfarandi athugasemdum er beint.

Um 3. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að 3. mgr. þess falli niður en 2. mgr. verði svohljóðandi:

„Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður brýtur gegn þagnarskyldu eða hann mætir ekki á fundi nefndar. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er að mati sveitarstjórnar bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.“

Samkvæmt núgildandi sveitarstjórnarlögum hefur sveitarstjórn víðtæka heimild til að skipta um fulltrúa í nefndum hvenær sem er á kjörtímabili. Með 3. gr. frumvarpsins er stefnt að því að breyta þessari reglu lítillega. Í fyrsta lagi verður heimilt að skipta um fulltrúa í nefndum ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnarinnar. Þessi heimild er óbundin. Í öðru lagi getur meirihluti sveitarstjórnar ákveðið að skipta út fulltrúa ef ákveðnar málefnalegar ástæður liggja þeirri ákvörðun að baki og í þriðja lagi getur sveitarstjórn ákveðið að endurskipa nefnd, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabili. Í síðastgreinda tilvikinu fer um kjör nefndar samkvæmt 2. mgr. 40. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þau markmið sem að er stefnt með þessum breytingum en telur þó rétt að tryggja minnihluta sveitarstjórnar sambærilega möguleika og meirihlutinn hefur til að skipta

um sína fulltrúa í nefndum. Er því gerð tillaga um að í stað þess að rætt verði um í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins að sveitarstjórn geti ákveðið að endurskipa nefnd að reglan verði orðuð þannig að „sveitarstjórnarmaður [geti] krafist” þess að slík endurskipan fari fram. Sveitarstjórn beri þá að verða við slíkri kröfu, nema hún sé bersýnilega tilefnislaus. Slíkt skilyrði kemur í veg fyrir misnotkun einstakra sveitarstjórnarmanna á þeirri heimild sem þeim er hér fengin. Ákvörðun sveitarstjórnar um að hafna slíkri kröfu sveitarstjórnarmanns gæti hann kært til félagsmálaráðuneytisins, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

Til nánari rökstuðnings skal bent á að eins og frumvarpið er úr garði gert getur meirihlutinn náð fram skiptum á sínum fulltrúum með því að ákveða að endurskipa í nefnd, enda nægir meirihluti atkvæða á fundi til að taka slíka ákvörðun. Minnihlutinn yrði hins vegar að ná samhljóða samþykki allra í sveitarstjórn til að geta skipt út sínum fulltrúa. Þessi breyting tryggir möguleika minnihlutans til að hafa áhrif á það hvaða fulltrúar á hans vegum sitja í nefndum sveitarfélagsins til jafns við meirihlutann. Þar sem gert er ráð fyrir að kosning vegna endurskipunar fari að reglunni í 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaganna myndast ekki hætta á að valdahlutföll raskist innan nefnda þó frumvarpinu verði breytt með þessum hætti.

Í raun má hins vegar gera ráð fyrir að mjög ólíklegt sé að til slíkra kosninga komi. Í ljósi þess að minnihlutinn getur ávallt krafist kosninga og þar með skipt út sínum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum má gera ráð fyrir að almennt muni aðrir í sveitarstjórn fallast á tillögur minnihluta um fulltrúaskipti í nefndum, þ.e.a.s. ef ljóst er að kosning myndi hvort eð er hafa sömu afleiðingar. Ef enginn ágreiningur er innan sveitarstjórnarinnar um fulltrúaskiptin þarf ekki að fara fram ný kosning um alla fulltrúana í viðkomandi nefnd, sbr. 1. málslíð 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Jafnframt mun þessi aðferð tryggja óbreytta stöðu í þeim tilfellum er tveir eða fleiri framboðslistar hafa gert með sér samkomulag um tilnefningu í nefndir. Gera má ráð fyrir að sá listi (A-listi) sem „átt” hefur viðkomandi fulltrúa í nefnd mun fá að halda honum því ef sá listi (B-listi) sem gert hafði verið samkomulag við um tilnefningu í nefndir neitar að samþykkja nýjan fulltrúa A-lista getur A-listinn farið fram á endurkjör í allar nefndir og þar með náð sínu fram. Yfirvofandi hótun um endurkjör í allar nefndir leiðir því til þess að samkomulag næst ef á annað borð ef vilji til að halda áfram samstarfi um tilnefningar í nefndir.

Vegna þess liðar málsgreinarinnar er lýtur að útskiptingu nefndarfulltrúa á grundvelli málefnalegra ástæðna skal tekið fram að sambandið telur eðlilegt að í þeim tilfellum er sveitarstjórn nýtir sér þá heimild skuli fara fram kosning í alla nefndina að nýju enda sé ekki samstaða um breytinguna.

Nánar um niðurfellingu 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins

Samband íslenskra sveitarfélaga telur að þær reglur sem fram koma í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins séu ekki heppilegar. Þar kemur fram að ef aðeins eigi að skipta um hluta nefndar skuli sá framboðslisti sem tilnefndi nefndarmann einnig skipa eftirmann hans nema sveitarstjórn hafi verið sjálfkjörin eða kjörin óbundinni kosningu, en þá skuli beita hlutfallskosningu. Hafi tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar eða samtök átt samstarf um nefndarkosningar þá skuli það framboð sem tilnefndi

viðkomandi mann tilnefna eftirmann sé ekki kveðið á um annað í yfirlýsingu sbr. 24. gr. svsl.

Í fyrsta lagi skal bent á að það er ekki lögbundið að tilteknir framboðslistar tilnefni ávallt nefndarmenn þegar kjörið er í sveitarstjórn í ráð, nefndir og stjórnir. Sem dæmi getur verið að oddviti geri tillögu um alla nefndarmenn sem svo eru allir samþykktir samhljóða, þó svo að tveir eða fleiri listar hafi boðið fram í sveitarstjórnarkosningum og náð mönnum inn. Frumvarpið virðist hins vegar gera ráð fyrir að ávallt fari fram tilnefningar þegar kosið er í nefndir og tveir eða fleiri framboðslistar eiga fulltrúa í sveitarfélaginu. Er óheppilegt að innan laganna sjálfra geti myndast skýringarvandamál af þessu tagi.


Í öðru lagi virðist frumvarpið á því byggt að ef aðeins eigi að skipta um hluta nefndar og sveitarstjórn hafi verið sjálfkjörin eða kjörin óbundinni kosningu þá skuli beita hlutfallskosningu um þá nefndarfulltrúa sem á að skipta út. Virðist jafnvel á þessu byggt þó aðeins eigi að skipta um einn fulltrúa. Verður ekki séð hvaða rök mæla með hlutfallskosningu sem fram fer með slíkum hætti. Verður ekki betur séð en að með þessu fyrirkomulagi sé viðhaldið þeim ágalla sem er á núgildandi lögum, eins og framkvæmd þeirra hefur verið, að meirihluti í sveitarstjórn geti ákveðið að skipta út einstökum fulltrúum í nefndum og það jafnvel fulltrúum minnihlutans.

Í þriðja lagi er síðari setning 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins, þar sem talað er um þau tilvik þegar tveir eða fleiri stjórnsmálaflokkar eða samtök eiga samstarf um nefndarkosningar, mjög óskýr. Á það ekki síst við um tilvísun til 24. gr. sveitarstjórnarlaganna, enda er þar fjallað um innkomu varamanna í sveitarstjórn en ekki um nefndarfulltrúa.

Í ljósi þessara galla á málsgreininni og framangreindra breytingartillagna á 2. mgr. greinarinnar verður ekki séð að sérstök þörf sé á 3. málsgreininni því gera má ráð fyrir því að nær alltaf náist samkomulag um breytingar á fulltrúum í nefndum.

Þannig afgreitt 30. apríl 2004.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



**SAMBANDS SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**

FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

*Alþingi
Erindi nr. P 130/2475
Mudagur 19.5.2004*

Suðurnesjum 17. maí 2004.

*Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 856. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 13. maí s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 20. apríl 2004 þar sem óskað var til umsagnar frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 856. mál, sameining sveitarfélaga, nefndir, ábyrgðir o.fl.

Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.